

Mánudaginn hinn 8. júnímánaðar.

Nr. 11/1891:

Rjettvísín

gegn

Guðmundi Ásgeirssyni.

D ó m u r:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Ísa-fjarðarsýslu 8. nóv. f. á., var hinn ákærði Guðmundur Ásgeirsson dæmdur fyrir stórbjófnað, framinn í 1. sinn, samkv. 231. gr. 1. lið alm. hegningarl., í 8 mánaða betrunarhúsvinnu og til að lúka allan af sökinni löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi er að tilhlutun hlutaðeigandi amt-manns áfrýjað til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu löglega sannað, að hinn ákærði, þegar hann einn morgun rak ær sínar heim til mjalta, og fráfrænalamb, er hann ekki vissi hver átti, rakst með þeim, ásetti sjer að slá eign sinni á það, og er það var komið inn í fjárhúsið með ánum, markaði ákærði það með vasahníf sínum undir sitt mark. Þegar eigandi lambsins, Tómas á Vífilsmýrum, tveim dögum eptir afmörkunina, sá lambið koma heim til sín og þekkti það þá þegar, gekk hann á ákærða, Guðmund Ásgeirsson, er að vísu upphaflega gaf lítið út á það, en síðar kannaðist við tiltæki sitt. Lambið fjekk eigandinn aptur.

Þessi tilverknaður ákærða á undir 250. sbr. 249. gr. hegningarlaganna og virðist mega ákveða hegningu þá, er hann, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot samkvæmt greindum lagastöðum, hefur til unnið fangelsi við vatn

og brauð í 2×5 daga. Svo ber honum og að greiða allan af málinu bæði í hjerði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Um meðferð málsins í hjerði verður að athuga, að þó að hinn ákærði þegar í stað hinn 6. sept. f. á. gæfi fullkomna og ótortryggilega skýrslu í málinu, var hann eptir úrskurði dómars hafður í varðhaldi frá nefndum degi til 16. s. m., en til þessa varðhalds þykir yfirdóminum eigi hafa verið nægileg ástæða. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Guðmundur Ásgeirsson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga og greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, settra málaflutningsmanna, Ásmundar Sveinssonar og Hannesar Hafstein, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 6/1891:

Árni Pjetursson
gegn

Eggert Laxdal

D ó m u r:

Atvik máls þessa eru þau, að í októbermánuði síð-